

15. júní 1971.

229

Nr. 109.

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Bessastaðahrepps.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir innan marka Bessastaðahrepps, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

2. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á því svæði hreppsins, sem vatnsveitunni er ætlað að ná yfir og hún getur fullnægt.

3. gr.

Hreppsnefnd Bessastaðahrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sem er eign Bessastaðahrepps.

Hreppsnefndin sér um fjárreiður hennar og bókhald.

4. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd Bessastaðahrepps til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, búsettum í Bessastaðahreppi, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, í samráði við hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar.

Að tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum störfum, er honum kunna að verða falin.

5. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um hreppinn svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði, götu eða opnu svæði, er lóðir þeirra liggja að.

Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á eigin kostnað.

Allar vatnsæðar frá aðalæðum að húsi og í því eru eign húseiganda, og ber hann kostnað af lögn þeirra og viðhaldi.

Vatnsveitan getur þó ákveðið, að heimæðar eða hluti þeirra skuli lagðar af starfsmönnum hennar, en á kostnað húseiganda.

Því aðeins er heimilt að tengja heimæðar við hús, að þau séu fokheld og upp-hituð.

6. gr.

Hver sá, sem tengja vill hús við vatnsveitu Bessastaðahrepps skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um, og skal hún undirrituð af húseiganda eða umboðsmanni hans og pípulagningameistara þeim, sem verkið á að annast. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota, ásamt upprætti af vatnslögninni í tvíriti og mælikvarða, sem er ekki minni en 1:100.

Uppdrátturinn skal gerður af manni, sem hæfur er til þess að mati vatnsveitunnar.

Uppdrátturinn skal sýna gerð og stærð allra vatnsæða, loka og krana, bæði utanhúss og innan. Á afstöðumynd skal sýnd og málsett lega heimæðar frá húsvegg að tengistað við vatnsveituaeð. Gert skal ráð fyrir vatnsmæli á óskiptri húsæð, og skal honum afmarkaður staður á uppdrætti. Álíti vatnsveitan nauðsyn á, að gerðir séu nánari uppdrættir eða séruppdrættir, skulu þeir látnir í té.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum vatnslögnum, sem breyta á eða tengja við aðalæð, getur vatnsveitan krafist þess, að þeir séu gerðir, og ber húseigandi allan kostnað af því.

Ef vatnsveitan samþykkir uppdrátt, skal á hann færð áritun um það.

Pípulagningameistari sá, er verkið á að vinna, ritar nafn sitt á eintak vatnsveitunnar, áður en verkið hefst. Sé skipt um pípulagningameistara, meðan á verki stendur, skal það tilkynnt vatnsveitunni.

Uppdráttur, áritaður af vatnsveitunni og viðkomandi pípulagningameistara, skal ávallt vera á vinnustað. Með áritun tekur vatnsveitan enga ábyrgð á því, að hægt sé að framkvæma verkið vegna lagna eða annars, sem kann að vera því til fyrirstöðu.

7. gr.

Pípulagningameistarar, sem áritað hafa uppdrátt, bera ábyrgð á, að allar lagnir séu í samræmi við samþykkt þessa, nánari fyrirmæli, er kunna að verða sett, og samþykktan uppdrátt.

Ef pípulagningameistari brýtur í bág við fyrirmæli samþykktar þessarar eða reglur settar samkvæmt þeim, eða brot er framið af starfsmönnum, sem hann ber ábyrgð á, getur vatnsveitunefnd veitt honum áminningu. Enn fremur getur hún lagt bann við því, að viðkomandi pípulagningameistari vinni verkið, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

8. gr.

Vatnsveitunefnd skal hafa eftirlit með því, að nýlagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og samþykkt þessa.

Engar vatnsæðar má hylja, fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af vatnsveitunni.

Vatnsveitunefnd hefur rétt til þess að láta þrýstiprófa vatnslagnir á kostnað húseigenda, og sé það gert, skal pípulagningameistari sá, er ábyrgð ber á verkinu, vera viðstaddur og aðstoða starfsmenn vatnsveitunnar við prófunina.

Álíti vatnsveitunefnd, að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, er settar kunna að verða, getur hún stöðvað verkið, þar til bætt hefur verið úr því, sem áfátt kann að vera.

9. gr.

Skylt er þeim, sem nota vatn úr vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðsmanna veitunnar um efni, lögr og viðhald vatnsæða sinna, og annað það sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmönnum veitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til þess að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu vatnsveitunnar, sem þeir telja nauðsynlegar, þó skal haft samráð við húseigendur. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun og viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram, ef þess er kostur.

10. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum að undangenginni aðvörun hjá þeim, sem vanrækja að tilkynna bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitunni heimilt að annast viðgerð á kostnað hans.

Þá er heimilt að taka úr sambandi ónotaðar vatnsæðar í eigu einstaklinga, sé eigi gert sennilegt, að þær verði teknar í notkun innan skamms tíma.

Kostnað, er af þessu leiðir, greiðir eigandi.

Vatnsveitunni er heimilt að taka gjald fyrir opnun heimæðar, sem lokað hefur verið af ofangreindum ástæðum.

11. gr.

Vatnsæðar og tæki skulu þannig tengd, að eigi sé hætt á, að vatn í æðunum óhreinist, og skal innrennislisloki vera á kerfinu.

Óheimilt er að tengja saman æðar vatnsveitunnar og einkavatnsæðar frá öðrum vatnsbólum.

Óheimilt er að tengja saman vatnsveitu og hitaveitu, og skulu blöndunartæki hafa óhindrað rennsli í frárennislisstút.

Vélar eða önnur tæki, sem nota vatn, önnur en venjulegar heimilissvélar, má ekki tengja við vatnsveituna nema að fengnu sérstöku leyfi.

12. gr.

Óheimilt er að tengja vatnsdælur við heimæðar án leyfis vatnsveitunnar.

Sé leyfi veitt til slíkrar tengingar, er það háð því skilyrði, að þannig sé frá dælu gengið, að hávaði frá henni valdi eigi óþægindum.

Vatnsveitan getur krafist þess, að húseigandi geri sérstakar ráðstafanir til deyfingar á hávaða frá dælu.

13. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

14. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum.

Ef eldsvoða ber að höndum, hafa slökkviliðið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í einkaeign eða vatnsveitunnar.

15. gr.

Af öllum húseignum á veitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í, skal greiða vatnsskatt, er nemi 2% — tveir af þúsundi — af núgildandi fasteignamatsverði árlega. Séu fleiri en ein íbúð í sama húsi, greiðist árlega kr. 1000.00 af hverri íbúð.

Nú er hús, sem vatni er veitt í ekki metið fasteignamati og ákveður hreppsnefnd þá vatnsskatt.

16. gr.

Fyrir önnur vatnsnot, svo sem til veitingareksturs, þvottastöðva, bifreiða, skipa, iðnaðarfyrirtækja, fiskvinnslustöðva, gripahúsa eða hvers annars, sem ekki er sérstaklega til tekið í reglugerðinni, skal greiða samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar og skal þá miða gjald við áætlaða eða mældu notkun í m³.

17. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

18. gr.

Heimilt er að krefja hvern aðila, sem fær tengda heimæð frá aðalæð um allt að kr. 5000.00 — fimm þúsund krónur — í stofngjald, sem greiðist, þegar tenging er framkvæmd.

19. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Ber þá hverjum vatnsnotanda að greiða andvirði vatnsmælis, uppsetningu og viðhald svo og vatnsskattinn sjálfan, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar, enda komi til staðfesting ráðherra.

20. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera 15. janúar ár hvert og greiðist skatturinn í einu lagi fyrirfram fyrir eitt ár í senn á skrifstofu oddvita. Vatn, sem selt er eftir rúm-taki mælds vatns, skal greiða eftir á fyrir hverja 4 mánuði, með gjalddögum 15. janúar, 15. maí og 15. september. Greiðist vatnsskatturinn ekki á réttum gjalddaga, falla á hann dráttarvextir 1% fyrir hvern byrjaðan mánuð. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

21. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega og fylgja hreppsreikningunum.

22. gr.

Hreppsnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þeirra mála, er reglugerð þessi fjallar um.

Jafnframt getur hún veitt undanþágur frá reglugerðinni, ef hún telur gildar ástæður til slíks.

23. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bessastaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1971.

Emil Jónsson.

Halgrimur Dalberg.